

Jónas Jónasson


TILRAUN Í STÓRSEIÐAELDI

(ÁFANGASKÝRSLA 4)

EINTAK BÓKASAFNS.

Veiðimálastofnun.

VMST-R/87028



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

VMST R/87028

Afangaskýrsla um stórseiðaeldi.

Málefni: Vegna greiðslu á styrk frá Rannsóknaráði 1.10.1987.

Vísað er í þrjár fyrri áfangaskýrslur um uppsetningu tilraunar.

Í mars á þessu ári voru flutt um 500 stórseiði í eldi hjá Íslenska járnblendifélaginu á Grundartanga. Þar er aðstaða til að blanda sjó að einhverju leiti í eldisvatnið. Hugmyndin með því að fara með seiði þangað var að fá samanburð á eldi í fersku vatni og sjóblönduðu vatni. Þetta er einkum mikilvægt í sambandi við seltupól seiðanna þegar þau verða sett í fullsaltan sjó að vori þ.e. hvort það sé mikilvægt að hafa stórseiði í sjóblönduðu eldisvatni áður en þau fara í fullsaltan sjó.

Í lok júní var komið fyrir kví í mynni Kollafjarðar. Er þetta mjög hentug kví fyrir tilraunina þar sem vinnuaðstaða á kvinni er mjög góð. Helming af stórseiðunum sem voru í eldi í stöðvarhúsinu í Kollafirði komið fyrir í kvinni. Það sem eftir var af stórseiðunum var haldið áfram í eldi í fersku vatni. Hluti af stórseiðunum sem komið var fyrir í kvinni drápust fljótlega og hafa þar af leiðandi ekki þolað sjósetningu. Eldi af eftirlifandi stórseiðum í kvinni og inni í stöðvarhúsi hefur aftur á móti gengið vel.

Stór hluti af stórseiðunum hafa orðið kynþroska og hefur það dregið verulega úr vextinum í sumar, endanlegar niðurstöður liggja ekki fyrir fyrr en búið er að slátra öllum seiðunum.

Teknar hafa verið seltumælingar reglulega frá því janúar á þessu ári til að fylgjast með seltupóli stórseiðanna. Þessar mælingar hafa verið framkvæmdar af Lifeólisfræðistofnun Háskólans undir handleiðslu Loga Jónssonar.

Í stuttu máli var seltupól stórseiðanna í Kollafirði aldrei hagstætt til að fara í fullsaltan sjó, enda sýndi það sig að sum

seiðin drápust þegar þau fóru í sjó. En aftur á móti var seltuþol þeirra seiða sem voru í sjóblöndu á Grundartanga mun betra og lifðu þau öll sjósetningu. Þetta bendir til að betra sé að hafa stórseiði í saltblöndu í einhvern tíma áður en þau fara í sjó.

Fyrirhugað er að slátra öllum stórseiðunum í október og þá liggja endanlega fyrir niðurstöður um gagnsemi stórseiðaeldis í þessu formi.

Yfirlit um fjármál.

Yfirlitið gildir um þær greiðslur sem inntar hafa verið af hendi á árinu 1987.


Á árinu hafa verið greidd samtals 1080.000 í styrk frá Rannsóknarsjóði. Er þá bæði átt við greiðslur fyrir verkefni 85.87-0017S og einnig verkefni 85.87 þar sem samþykkt var aukafjárveiting til verkefnisins á þessu ári.

Yfirlit yfir greiðslur sem inntar hafa verið af hendi eru eftirfarandi.

Laun og launatengd gjöld	313.527.00
Fóður	130.478.00
Fiskeldiskví	390.000.00
Festingar fyrir kví	115.445.00
Rannsóknartæki	52.875.80
Annar kostnaður	31.006.00
	<hr/>
	1.033.331.80
Útistandandi skuldir	105.559.00
	<hr/>
Alls	1.138.890.80

Verkefnið á eftir að greiða útistandandi skuldir og einnig á eftir að greiða laun og aðrar tilfallandi greiðslur fram til loka verkefnis. Gert er ráð fyrir að lokaskýrsla liggi fyrir í apríl 1988.

Virðingarfyllt


Jónas Jónasson